

Föstudaginn 2. febrúar 1990.

Nr. 261/1988. **Geir Viðar Vilhjálmsson**

(sjálfur)

gegn

Friðriki G. Friðrikssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

og gagnsök.

Nauðungaruppboð. Sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1988. Eru dómkröfur hans aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar að nýju, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 12. september 1988. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst uppboðs á eignarhluta aðaláfrýjanda í sumarbústaðnm Ásbúð á Þingvöllum, en samkvæmt veðbókavottorði, sem liggur fyrir í málinu, er eign þessi í óskiptri sameign aðaláfrýjanda og Ingibjargar Eyfells, og á hvort um sig 50% eignarinnar. Í dómi Hæstaréttar 14. mars 1985 í málinu nr. 128/1983, sem aðaláfrýjandi skaut til réttarins vegna úrskurðar uppboðsréttar Árnessýslu 28. október 1982 um uppboð á eign þessari, kemur fram að það uppboðsmál hófst með því að af hálfu Ingibjargar Eyfells var hinn 3. júlí 1981 krafist slita á sameign þessari, en í framhaldi þess bárust fleiri beiðnir um uppboð á grundvelli lögtaks og fjárnáma. Hins vegar var krafa Ingibjargar Eyfells um sameignarslit afturkölluð 24. september 1982. Segir svo í þessum dómi Hæstaréttar:

„Hinn áfrýjaði úrskurður mælir fyrir um, að uppboð skuli fram

fara á öllum sumarbústaðnum Ásbúð. Eftir að Ingibjörg Eyfells hafði afturkallað uppboðsbeiðni sína, og eins og háttað er uppboðsbeiðnum og uppboðsheimildum stefndu samkvæmt framansögðu brast skilyrði til uppboðs á öðru en eignarhluta áfrýjanda í sumarbústað þessum. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og ber uppboðshaldara að taka uppboðsbeiðnir stefndu fyrir, til að fram fari nauðungaruppboð á eignarhluta áfrýjanda að undangengnum löglegum undirbúningi eftir því sem uppboðs beiðnir og uppboðsheimildir þessar segja til um.“

Upplýst er í málinu að sameiganda aðaláfrýjanda að umræddum sumarbústað var ekki tilkynnt um uppboðsmál þetta, svo sem telja verður að skylt hafi verið samkvæmt 3. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð, sbr. 4. gr. laga nr. 12/1987. Þetta þykir þó ekki eiga að leiða til ómerkingar hins áfrýjaða úrskurðar, þar sem enn er unnt að bæta úr þessum ágalla gagnvart sameigandanum áður en sala eignarinnar á nauðungaruppboði fer fram.

Ómerkingar- og heimvísunarkrafa aðaláfrýjanda byggist einkum á því, að við meðferð málsins í héraði og í hinum áfrýjaða úrskurði hafi ekki verið nægileg hliðsjón höfð af þeirri sérstöðu eignar aðaláfrýjanda, er uppboðsmál þetta snýst um, að hún er staðsett á Þingvöllum, sbr. lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928. M.a. hefði átt að gefa Þingvallanefnd kost á að gæta hagsmuna þjóðgarðsins við meðferð málsins.

Engin lagarök standa til þess að taka ómerkingarkröfu aðaláfrýjanda, byggða á fyrrgreindum forsendum, til greina og verður henni því hafnað.

Fjárnámi því, sem er grundvöllur uppboðsmáls þessa, hefur ekki verið hrundið. Sú málsástæða aðaláfrýjanda, að ekki megi selja umrædda eign hans á nauðungaruppboði vegna ákvæða 4. gr. laga nr. 59/1928 stenst ekki, og hefur reyndar áður verið dæmt um þetta atriði í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar 14. mars 1985.

Samkvæmt framansögðu verður hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur, og rétt þykir að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði gagnáfrýjanda, Friðriki G. Friðrikssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Árnæssýslu 29. júlí 1988.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að undangengnum munnlegum málflutningi þann 15. þ.m., var þingfest föstudaginn 8. júlí 1988.

Uppboðsbeiðandi er Haraldur Blöndal hrl. f.h. Friðriks G. Friðrikssonar. Hann krefst þess, að eignarhluti uppboðspola í sumarbústaðnum Ásbúð í þjóðgarðinum vestan Öxarár á Þingvöllum verði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar eftirfarandi kröfu:

Höfuðstóll	kr. 72.000,00
Dráttarvextir til 15/5 1988	— 98.028,00
Málskostnaður	— 14.019,00
Uppboðsbeiðni	— 1.045,00
Samtals	kr. 186.972,00

Auk þess hefur uppboðsbeiðandi krafist málskostnaðar vegna máls þessa að mati réttarins.

Uppboðspoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, mætti sjálfur við þingfestingu málsins og mótmælti því, að hið umbeðna uppboð næði fram að ganga. Uppboðspoli krefst þess, að uppboðið nái ekki fram að ganga og að honum verði dæmdur málskostnaður að mati uppboðsréttarins.

Af hálfu uppboðsbeiðanda er því haldið fram, að uppboðsheimild sé fullgild og að engar málsástæður né lagarök hafi komið fram, sem eigi að valda því, að uppboðið skuli ekki ná fram að ganga.

Af hálfu uppboðspola er því haldið fram, að uppboðsheimild sé ekki fyrir hendi, og vísað til þess, að í lögum um friðun Þingvalla séu veðbönd á landi innan þjóðgarðsins alfarið (sic) óheimil.

Uppboð á eignarhluta uppboðspola í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, var auglýst í 63., 67. og 72. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1988.

Ekki hefur verið leitt í ljós í máli þessu, að uppboðsheimild sú, sem lögð er til grundvallar uppboðsbeiðni Friðriks G. Friðrikssonar, sé með þeim annmörkum, að synja verði um uppboðið af þeim sökum. Eigi verður talið, að ákvæði laga nr. 59 frá 7. maí 1928 um friðun Þingvalla valdi því, að uppboðið geti ekki náð fram að ganga. Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða uppboðsréttarins sú, að umbeðið nauðungaruppboð á eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar í sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, skuli fara fram.

Rétt þykir að dæma uppboðspóla til að greiða uppboðsbeiðandanum kr. 40.000 í málskostnað vegna máls þessa.

Sigurður Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Umbeðið uppboð á Ásbúð, Þingvallahreppi, eignarhluta Geirs Viðars Vilhjálmssonar, skal ná fram að ganga. Geir Viðar Vilhjálmsson greiði Friðriki G. Friðrikssyni málskostnað, kr. 40.000, að viðlagðri aðför að lögum.
